



116. fundur Stúdentaráðs

Fimmtudagur 14. nóvember 2024 kl. 17:00

Fundaritari: Hanna Karin

Mættir: Silja Rún (forseti), Hanna Karin (varaforseti), Ragnheiður Rós (fjármálastjóri), Rakel, Bryndís, Brynjar, Guðrún (f.h. Kumpána), Lilja Margrét (teams), Gissur (teams), Una (teams), Kristbjörg (teams), Margrét Lillý (teams)

Fundur settur: 17:03

Dagskrá 116. fundar Stúdentaráðs

1. CUTIE-verkefni, Helena, Valgerður og Bryndís
 - Verkefni til að auka stafræna hæfni háskólakennara.
 - Nú er komið að því að fá nemendur í co-creation, þessi vinna er greidd og mun hefjast eftir miðjan janúar og er fram í febrúar.
 - Sex nemendur fyrir hvort verkefni.
 - Þau sem eru áhugasöm mega senda tölvupóst eða skilaboð á teams.
2. Pallborð-stjórnmalaflokkana
 - Silja Rún sagði stuttlega frá viðburðinum sem við í SHA erum að halda með aðstoð LÍS á morgun (15. nóvember).
 - Það kemur einn úr hverjum flokki og fá þau 3 mínútur hvert til að kynna sig. Einnig verða hraðaspurningar og svo fær fólk úr sal tækifæri til að spyrja flokkana.

3. Stóra-Vísó

- Það er channel inn á teams með drögum að dagskrá.
- SHA er búin að staðfesta vísindaferð í Visku á föstudeginum. Erum enn að bíða eftir svári með tímasetningu frá Framsókn og CCEP.
- Hvetjum aðildafélög til að fara huga að vísindaferðum fyrir stóra vísó.

4. Jafnréttisdagar - erindi

- Jafnréttisdagar verða haldnir í febrúar. SHA hefur alltaf verið með hádegiserindi á miðvikudegi.
- Þessar hugmyndir hafa komið upp: Barnaheill, Einhverfu samtökin og Bergið headspace.
- Lilja Margrét kom með aðra hugmynd: Kvennaathvarfið.
- Stúdentaráð samþykkti Bergið headspace.

5. Önnur mál

- Silja Rún:
 - o Næsti stúdentaráðsfundur er settur 12. desember sem er í miðri prófatíð og leggur hún til að færa fundinn.
 - o Ákveðið var að fundurinn yrði í staðinn þann 16. desember klukkan 14:00 á teams.
- Silja Rún:
 - o Próflokpartý SHA verður haldið á Vamos þann 13. Desember
 - o Okkur í framkvæmdastjórn langaði að kanna áhugan á stuttum hittingi fyrir próflokpartý. Flest tóku ágætlega í þessa hugmynd.
- Ragnheiður Rós:
 - o Öll aðildafélög eru búin að fá aðra greiðslu en eiga eftir að fá þriðju greiðslu sem kemur fyrir árshátíðina. Til þess að fá þriðju greiðslu þurfa félögin að fylla inn raunkostnað og fylla inn í bókhald á Teams. Rósý fer síðan yfir þetta og athugar hvaða félög eiga rétt á þriðju greiðslu.
- Lilja Margrét:
 - o Sagði stuttlega frá fundi sem hún og Ragnheiður fóru á varðandi canvas uppsetningu. Fundurinn gekk vel og virðist þetta vera farið í smá ferli.

Fundi slitið: 17:55